



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 28. maí 2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga, 549. mál**

Samtök atvinnulífsins styðja að frumvarp þetta verði að lögum.

Æskilegt er að tekið verði fram hver gefi út gjaldskrá sem sett verður skv. 2. mgr. 11. gr. og jafnframt að hún skuli staðfest af ráðherra. Einnig er nauðsynlegt að drög að gjaldskrá ásamt rökstuðningi þeim sem um er fjallað í greininni verði send hagsmunaaðilum til umsagnar.

SA benda á að mikilvægt er að halda allri gjaldtöku í lágmarki hvort sem er fyrir notkun á þjónustu skv. 3., 4., og 5. tl. 1. mgr. 5.gr. eða vegna hugsanlegra leyfisgjalda á gögnunum sjálfum. Öll gjaldtaka leiðir til þess að notkun gagnanna verður minni en ella og það vinnur gegn markmiði frumvarpsins um að tryggja aðgengi að landupplýsingum á Íslandi. Það er mat samtakanna að hófleg eða engin gjaldtaka fyrir afnot af opinberum landupplýsingum leiði til aukinnar notkunar þeirra og arðsemi fyrir þjóðfélagið í heild.

Virðingarfyllst,

Pétur Reimarsson,  
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs